

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 164/2013**

2014/EES/13/12

frá 8. október 2013

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 243, 16.9.2010, bls. 68.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 15zm (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 668/2009) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„15zn. **32010 L 0053**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu (Stjtið. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 14), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 243, 16.9.2010, bls. 68.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þessi tilskipun tekur ekki til Liechtensteins, að frátöldum ákvæðum 15. og 16. gr. Skilgreiningar í 3. gr. og almenn ákvæði í stafli. h) í 2. mgr. 17. gr. og 23. gr. gilda aðeins gagnvart Liechtenstein eftir því sem nauðsyn krefur vegna lögleiðingar 15. og 16. gr. tilskipunarinnar.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/53/ESB, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 243, 16.9.2010, bls. 68, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. október 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. október 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Dórir Ibsen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 14.

<sup>(\*)</sup> Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Yfirlýsing EFTA-ríkjanna**

**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2013 frá 8. október 2013 sem fellir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu inn í EES-samninginn [til samþykktar með ákvörðuninni og til birtingar í Stjtið. ESB og í EES-viðbæti við Stjtið. ESB]**

„Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu, sem byggist á 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, er mikilvægur hluti evrópskrar heilbrigðislöggjafar og svarar til heilbrigðisstefnu EFTA-ríkjanna. Í EES-samningnum eru engin ákvæði um lýðheilsu samsvarandi ákvæðum 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Innleiðing þessarar tilskipunar er því með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.

Yfirlýsing þessi er með fyrirvara um ákvæði 118. gr. EES-samningsins.“